

Gömlu húsin í Neskaupstað



Gömlu húsin í Neskaupstað

Rebekka Rán Björnsdóttir

Efnisyfirlit

Formáli.....	6
Gamla Lúðvíkshúsið.....	7
Prófastshúsið.....	11
Séra Jón Guðmundsson.....	12
Jón Magnússon.....	13
Bjarnaborg.....	15
Pétur Thoroddsen.....	17
Barnaskólahúsið.....	19
Frystihúsið.....	23
Þórsmörk.....	27
Konráð Hjálmarsson.....	29
Páll Guttormsson Þormar.....	30
Tilvísanir.....	32
Heimildaskrá.....	34
Myndaskrá.....	36

LOKA3VE05

Vorönn, 2017

Verkmenntaskóli Austurlands.

Umsjónarkennari áfanga:

Ágúst Ingi Ágústsson.

Formáli

Þessi bók er unnin sem lokaverkefni úr Verkmenntaskóla Austurlands. Í Neskaupstað má finna gömul hús sem mörg hver eiga sér áhugaverða sögu. Þar sem ég vissi lítið um gömlu húsin í bænum mínum taldi ég að það yrði skemmtilegt að gera það að lokaverkefni mínu að fjalla um nokkur þeirra. Ég valdi sex hús í samráði við leiðbeinanda minn, þau hús sem urðu fyrir valinu í þetta verkefni voru gamla Lúðvíkshúsið, Prófastshúsið, Bjarnaborg, Barnaskólahúsið, gamla frystihúsið og Þórsmörk.

Leiðbeinandi minn við gerð þessa verkefnis var Smári Geirsson. Ég vil þakka honum fyrir alla þá aðstoð sem hann hefur veitt mér. Einnig langar mig til þess að þakka Hrafnkeli Lárussyni fyrir yfirlestur á verkefninu og Guðmundi Sveinssyni fyrir að hafa tekið vel á móti mér og aðstoð við val á myndum.

Að lokum langar mig til þess að þakka fjölskyldu minni og þá sérstaklega móður minni Áslaugu Lárusdóttur og stjúpföður mínum Ara Magnúsi Benediktsyni fyrir stuðning þeirra og hvatningu meðan unnið var við verkefnið.

Gamla Lúðvíkshúsið



Ljósmyndari: Rebekka Rán Björnsdóttir.



Ljósmyndari: Björn Ingvarsson.

Árið 1881 var elsta hús Neskaupstaðar reist af norskum síldveiðimanni sem hét Ole Jakobsen Hansen. Húsið var staðsett á Nesströnd og var það nefnt Hansenshús. Húsið kom til Norðfjarðar frá Noregi tilbúið til uppsetningar og var notað sem síldarsöltunarhús og einnig sem íbúðarhús. Hansenshús var metið á 1000 krónur og var þar af leiðandi dýrast af þeim húsum sem Norðmenn höfðu byggt í Neslandi en einnig langhæsta húsið. Ole Hansen dvaldi sjálfur í húsinu árið 1883-1884, síldarreytingur fékkst allt það ár. Veturinn 1884-1885 hafði Ole Hansen vetursetu á Nesi. Í febrúar var hann beðinn af hreppsnefndinni að sækja hallæriskorn til Seyðisfjarðar á skútu sinni Lister. Loks gafst Hansen upp og seldi Sveini Sigfússyni hús sitt og aðrar eignir á Nesi um sumarið 1885.¹

Sveinn borgari Sigfússon flutti Hansenshúsið út á Neseysi, þá var það nefnt Sveinshús. Húsið var endurreist og því breytt og fékk hlutverk sem verslunar- og íbúðarhús og var það fyrsta verslunin sem var í eigu Norðfirðings. Sveinn Sigfússon sótti um til sýslunefndar vorið 1884 að stofna og reka sveitaverslun á Nesi í Norðfirði. Þann 19. júní sama ár samþykkti sýslunefnd þessa beiðni samkvæmt þar umgildandi lögum. Í upphafi var verslun Sveins borgara fremur smá í sniðum en óx og á fáum árum hafði hann náð langstærstum hlut viðskipta í Norðfjarðarhreppi. Fleiri höfðu þó fengið leyfisbréf en þar var ekki löggiltur verslunarstaður fyrr en tæpum áratug síðar.

Húsið var fyrsti prestsbústaður á Nesi en séra Jón Guðmundsson keypti helminginn af húsinu af Sveini Sigfússyni árið 1894 og settist þar að. Séra Jón kom upp fyrstu póstafréiðslunni á Nesi og starfaði þar sem póstafréiðslumaður.

GÖMLU HÚSIN Í NESKAUPSTAÐ

Húsið var nefnt Lúðvíkshús um aldamótin 1900 þegar Lúðvík S. Sigurðsson kaupmaður, útgerðarmaður og skósmiður keypti húsið. Árið 1912 reisti Lúðvík nýtt hús fyrir sig og fjölskyldu sína og þá varð húsið nefnt Gamla Lúðvíkshúsið svo hægt væri að greina það frá því nýja. Gamla Lúðvíkshúsið var notað sem íbúðarhús allt til ársins 1991, lengi þjuggu þar fjölskyldur en frá árinu 1987 var húsið nýtt sem verðbúð. Húsið hefur staðið autt frá árinu 1991.²

Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd Fjarðabyggðar hefur samþykkt að úthluta sveitarfélaginu lóð að Þiljuvöllum í Neskaupstað og er fyrirhugað að flytja þangað Gamla Lúðvíkshúsið. Áhugamannahópur um verndun hússins hefur um þó nokkurt skeið haft áhuga á endurgerð hússins og hafa verið stofnuð samtök þar um. Unnið er undir eftirliti Minjastofnunnar að endurgerðinni. Verkefnið hlaut tíu milljóna króna styrk frá forsætisráðuneytinu árið 2013 vegna verndar sögulegra minja. Undirbúningur að flutningi hússins er hafinn, bæði með því að rífa innan úr húsinu það sem er ónýtt en einnig er hafinn undirbúningur á lóðinni að Þiljuvöllum. Gamla Lúðvíkshúsið verður þar við hliðina á Þórsmörk og standa vonir til að húsin sómi sér vel hlið við hlið.³

Prófastshúsið



Ljósmyndari: Rebekka Rán Björnsdóttir.



Ljósmyndari: Björn Björnsson.

Prófastshúsið var fyrsta steinsteypta íbúðarhúsið í Neskaupstað. Það var byggt af séra Jóni Guðmundssyni prófasti og frá honum kemur nafn hússins. Framkvæmdir við byggingu hússins hófust árið 1913. Yfirsmiður Prófastshússins var maður að nafni Gísli Gíslason frá Mjóafirði, einnig hafði múrari frá Reykjavík unnið að byggingu hússins. Það var fullbúið árið 1914.

Steypuefnið var flutt á hestakerrum frá Neseyrinni og að Prófastshúsinu. Steypan sem notuð var við byggingu hússins var hrærð með handafli á palli, síðan var hún dregin upp í veggina í fötum. Steypan var lögð í einungis 20-30 sentimetra þykkum lögum í mót. Skóflur voru notaðar til þess að fara niður með mótunum og síðan var steypunni þjappað með hnalli. Það var mikið lagt í það að steypan yrði sem þéttust og þar með sterkari en venjulega.⁴

Séra Jón Guðmundsson

Séra Jón Guðmundsson fæddist þann 14. janúar árið 1863 á Grímsstöðum á Hólsfjöllum. Hann lauk stúdentsprófi frá Reykjavíkurskóla árið 1886, þaðan fór hann í Prestaskólann og lauk guðfræðinámi árið 1888, sama ár hlaut hann prestsvígslu. Árið 1889 fékk séra Jón Skorrastaðarprestakall og var hann þar prestur í fjörtíu ár eða til dauðadags árið 1929. Hann hafði einnig verið sóknarprestur í Norðfirði og frá árinu 1911 gengdi hann embætti prófasts Suður-Múlaprófastsdæmis.

Árið 1891 giftist séra Jón Guðnýju Þorsteinsdóttur prestsdóttur frá Heydölum í Breiðdal. Guðný starfaði mikið við félagsmál í Norðfirði, til að mynda átti hún frumkvæði að stofnun kvenfélagsins árið 1907. Hún var formaður félagsins í tuttugu og tvö ár.

Fyrst eftir að séra Jón fluttist til Norðfjarðar bjó hann á heimili Sveins Sigfússonar kaupmanns á Nesi í Gamla Lúðvíkshúsinu. Það var ekki fyrr en um aldamótin 1900 sem séra Jón byggði hús fyrir fjölskyldu sína og heimilisfólk, það hús hlaut nafnið Dagsbrún. Árið 1913 ákvað Séra Jón að selja hús sitt Dagsbrún og reisa nýtt hús. Hann sótti um svokallað prestakallslán til húsbyggingar og ákveðið var að reisa nýja húsið skammt innan og ofan við Dagsbrún. Bygging hússins vakti mikla athygli í Nesþorpi þar sem þetta var fyrsta steinsteypa íbúðarhúsið í þorpinu og var það nefnt Prófastshúsið. Árið 1914 fluttist séra Jón ásamt fjölskyldu sinni og heimilisfólki í Prófastshúsið.⁵

Jón Magnússon

Þann 23. júní 1926 varð Jón Magnússon fyrsti forsætisráðherra Íslands, bráðkvaddur í Prófastshúsinu. Jón Magnússon fæddist árið 1859 í Múla í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu, faðir hans var séra Magnús Jónsson. Jón flutti þegar hann var níu ára að aldri til Neskaupstaðar þar sem faðir hans tók við Norðfjarðarsókn á Skorrastað. Þegar Jón varð tuttugu og eins árs fór hann til Kaupmannahafnar í háskólanám. Að loknu námi gengdi séra Jón ýmsum ábyrgðarmiklum störfum, fyrir utan að gegna embætti forsætisráðherra var hann sýslumaður í Vestmannaeyjum, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, bæjarfógeti í Reykjavík og alþingismaður um langt skeið. Hann snéri aftur til Neskaupstaðar daginn sem hann varð bráðkvaddur. Jón hafði dvalið á Seyðisfirði þar sem dönsku konungshjónin höfðu verið í heimsókn.

Jón ætlaði að fara með varðskipinu Geysi frá Seyðisfirði til Reykjavíkur en það skipstjórann að stoppa í Neskaupstað. Þegar komið var til Neskaupstaðar gekk Jón beina leið að Prófastshúsinu til séra Jóns Guðmundssonar prófasts. Eftir stuttar samræður sá prófasturinn að Jón var með krampadrætti í höndunum og í öðrum fætinum, svo hann hélt að það myndi líða yfir Jón. Hann lést stuttu síðar. Það var ekkert hægt að gera fyrir hann.⁶

Bjarnaborg



Ljósmyndari: Rebekka Rán Björnsdóttir.



Ljósmyndari: Sveinn Guðnason.

Í fyrstu var Bjarnaborg notuð sem læknisbústaður. Þar bjuggu hjónin Pétur Thoroddsen læknir og Friðrikka Valdimarsdóttir Thoroddsen. Þau fluttu úr húsinu árið 1923 þegar ákveðið var að útbúa Bjarnaborg sem sjúkraskýli til bráðabirgða.

Ekki gekk vel að gera nauðsynlegar breytingar á Bjarnaborg. Árið 1926 var ákveðið að útbúa húsið þannig að það gæti nýst sem sjúkraskýli í allmörg ár. Þann 12. júní 1926 var Bjarnaborg afhent sjúkraskýlisnefndinni þrátt fyrir að framkvæmdum við húsið væri ekki lokið. Sjúklingar fengu þó innlögn. Á fundi hreppsnefndar þann 7. desember það sama ár voru teikningar af breytingum á húsinu lagðar fram, einnig var samþykkt að leita eftir tilboðum í miðstöðvarlögn í húsið. Eftir að starfssemi hófst í húsinu var hætt að tala um Bjarnaborg sem sjúkraskýli og í stað þess kallað sjúkrahús.

Á neðri hæð hússins voru tvær sjúkrastofur, aðgerðarstofa, bað og eldhús en á efri hæðinni var íbúð starfsfólksins. Gert var ráð fyrir því að sjö sjúklingar kæmst fyrir á sjúkrahúsinu en ef nauðsyn krefði væri hægt að koma tíu sjúklingum fyrir. Árið 1926 voru þó einungis skráð fjögur sjúkrarúm, en ári seinna bættust tvö við. Á árunum 1929-1930 höfðu tíu rúm verið skráð en árið 1931 hafði þeim aftur fækkað í sex.

Hreppsnefndin samþykkti gjaldskrá fyrir sjúkrahúsið í Bjarnaborg þann 5. apríl 1927. Íbúar Neshrepps greiddu 4 krónur á dag, íbúar annars staðar frá greiddu 5 krónur og útlendingar greiddu 8 krónur. Þar sem hægt var að bjóða almenningi upp á baðþjónustu á sjúkrahúsinu var einnig samþykkt gjaldskrá fyrir böð. Baðaðstöður í mörgum íbúðarhúsum þóttu þá frekar lélegar. Gjald fyrir steypibað var 0,50 krónur og fyrir kerlaug 1,50 krónur.

Pétur Thoroddsen sinnti þeim sjúklingum sem höfðu verið lagðir inn og einnig framkvæmdi hann ýmis konar aðgerðir. Friðrikka kona Péturs aðstoði hann í aðgerðum, hún sá meðal annars um svæfingu sjúklinganna. Kristín Magnúsdóttir starfaði sem hjúkrunarkona fram til ársins 1928. Lovísa Lúðvíksdóttir tók þá við hennar störfum en í ágúst 1929 var Elísabet Halldórsdóttir ráðin í hennar stað og fékk hún 130 krónur í laun á mánuði. Á sjúkrahúsinu starfaði einnig vinnukona, Sigríður Kristjánsdóttir. Starf hennar var fjölbreytt. Sigríður hugsaði um sjúklingana, sá um eldamennsku, þreif þvott og sá um þrif á sjúkrahúsinu. Sjúkrahúsið var með hænsnabú svo Sigríður hugsaði einnig um hæurnar.

Rekstur sjúkrahúss í Bjarnaborg var lagður niður árið 1942 og við tók rekstur elliheimilis. Ef mikið lá við var þó skotið inn einum og einum sjúkling.⁷

Pétur Thoroddsen

Pétur Thoroddsen fæddist þann 8. ágúst árið 1884. Árið 1904 varð hann stúdent frá Lærða skólanum í Reykjavík. Pétur stundaði læknisnám í Hafnarháskóla og seinna í Læknaskólanum í Reykjavík og árið 1911 lauk hann cand. med. prófi. Þegar Pétur hafði lokið námi var hann ráðinn frá júlí til september árið 1911 sem staðgengill héraðslæknis í Reyðarfjarðarhéraði. Í október sama ár til september árið 1912 starfaði hann sem héraðslæknir Rangárhéraðs. Pétur hélt til Kaupmannahafnar árið 1912 og starfaði meðal annars á fæðingardeild Rigshospitalet. Pétur fór frá Kaupmannahöfn í júní 1913 og lá leið hans þá til Nesþorps í Norðfirði.

Í Norðfirði var Pétur Thoroddsen yfirleitt kallaður Thoroddsen læknir og eiginkona hans, Friðrikka Valdimarsdóttir Thoroddsen, kölluð Frissa Thor. Hjónin blönduðu lítið geði við aðra bæjarbúa. Friðrikka tók þó þátt í leiklistarstarfi og Pétur sat í hreppsnefnd Neshrepps á árunum 1916-1922. Hann var varaoddviti hreppsnefndarinnar þessi sex ár. Norðfirðingar sögðu Pétur vera vandvirkan og metnaðarfullan lækni þrátt fyrir að óreglusamt líferni hans hafi af og til komið til tals hjá forsvarsmönnum sveitarfélagsins. Pétur starfaði sem héraðslæknir í Norðfirði frá árinu 1913 allt til ársins 1947, á þeim tíma fór hann einungis í eina námsferð til endurmenntunnar. Engu að síður er talið að hann hafi fylgst vel með nýjungum í læknisfræðinni með því að lesa fræðirit.

Barnaskólahúsið



Ljósmynd: Rebekka Rán Björnsdóttir.



Ljósmyndari: Sveinn Guðnason.

Fyrsta steinsteypta húsið í Nesþorpi var reist árið 1911. Húsið var kallað Barnaskólahúsið og var fyrsta skólahúsið sem byggt var í Norðfirði. Á hreppsfundi þann 4. apríl 1907 samþykkti mikill meirihluti bænda að reisa skyldi skólahús á Nesi fyrir hreppsfé. Einhver bið varð á að framkvæmdir hæfust við nýja skólahúsið, en á almennum hreppsfundi þann 18. apríl árið 1910 skoruðu hreppsþúar á hreppsnefndina að byrjað yrði á barnaskólabyggingu næsta sumar.

Ákveðið var að reisa vandað steinsteypt hús eftir teikningum frá Rögnvaldi Ólafssyni, sem gerðar voru af Einari Erlendssyni og hófst undirbúningur framkvæmda árið 1910. Framkvæmdir við byggingu skólahússins hófust vorið 1911. Húsið var reist innan við Nesstekk rétt við helsta athafnasvæði Konráðs Hjálmarssonar kaupmanns. Það var byggingameistari frá Reykjavík að nafni Felix Guðmundsson sem stýrði byggingarframkvæmdum við barnaskólahúsið. Þar sem skólahúsið var einungis ætlað til skólalands var húsið gert samkvæmt leiðbeiningum frá fræðslumálastjórn og þótti það vera mikið framfaraspör.

Barnaskólahúsið var vel byggt, það var hlýtt og rakalaust og með því fylgdi salerni sem staðsett var skammt frá húsinu sjálfu, áfast kolabyrgi skólans. Húsinu var skipt í tvær kennslustofur, hvor um sig hafði þrjá glugga. Kennslustofurnar og gangurinn meðfram norðurvegg hússins voru málaðar en gólfín voru olíuborin. Í kennslustofunum voru Recks skólaofnar. Á húsinu voru tvennar dyr, ein á hvorum stafni. Leiksvæði fyrir börnin var fyrir utan skólann en það var þó lengi órutt og því ónothæft.

Á fyrsta starfsári barnaskólans voru nemendur alls fjórtíu og tveir og voru það börn á aldrinum 10-14 ára sem sóttu skólann. Árið 1923 hóf fyrsti nemandi undir skólaskyldualdri nám

í barnaskólanum í Nesþorpi og frá árinu 1925 var algengt að börn, átta eða níu ára hæfu skólagöngu sína ef þau stóðust inntökupróf.

Helstu námsgreinar barnaskólans voru lestur, skrift, réttitun, kristinfræði, landafræði, saga, náttúrufræði og reikningur. Einnig var teikning kennd en þó ekki á hverju skólaári. Á fyrsta starfsári skólans var kennd danska og var það eina skiptið sem erlent tungumál var kennt. Skólinn lagði mikla áherslu á söngkennslu. Söngurinn var talinn vera mikilvægur þáttur í skólastarfinu og uppfærðslu. Á fyrstu starfsárum skólans kenndu kennarar sönginn jafnvel launalaust. Handavinna var kennd í skólanum en sökum efnisskorts fór engin slík kennsla fram á skólaárunum 1917-1919. Áhersla var lögð á að stúlkur fengju kennslu í handavinnu frekar en drengir, til að mynda var stúlkum aðeins kennd handavinna á árunum 1926-1930 en ekki drengjum.


Fyrstu tvö skólaár barnaskólans, veturna 1911-1913 voru íþróttir kenndar í Góðtemplarahúsinu, en aðeins eldri nemendur skólans fengu íþróttakennslu. Áramótin 1912-1913 tilkynntu góðtemplarar að húsið gæti ekki lengur verið notað til íþróttakennslu. Af því leiddi að engin íþróttakennsla var í einn og hálfan áratug. Íþróttakennslan hófst aftur árið 1928 í Bíóhúsinu en þá var ákveðið að drengir fengju íþróttakennslu tvisvar í viku en stúlkur aðeins einu sinni. Við upphaf íþróttakennslu í Bíóhúsinu festi hreppsfélagið kaup á nauðsynlegustu leikfimiáhöldum líkt og hestum og dýnu.

Fyrir upphaf skólaársins 1917-1918 var Barnaskólinn gerður að „annars hvers dags skóla“ þar sem nemendafjöldinn var orðin allt of mikill og var nemendum þá skipt í „skólagöngusveitir.“ Eldri börnin mættu í skólann á mánudögum,

miðvikudögum og föstudögum en þau yngri mættu í skólann á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum, verkefni voru sett fyrir þá daga sem ekki var skóli.

Þann 13. desember 1922 var í fyrsta sinn kveikt á rafljósum í skólahúsinu. Daginn áður var lagt rafmagn frá rafstöð Konráðs Hjálmarssonar kaupmanns í skólahúsið. Þóttu það merk tímamót þegar ljósaperur komu í stað olíulampa, fljótlega kom þó í ljós að rafmagnið frá rafstöð Konráðs var afar ótryggt. Árið 1924 var lagður nýr rafstrengur í skólahúsið frá rafstöð Sigfúsar Sveinssonar kaupmanns og þann 30. október 1926 var sett upp útiljós á skólann.⁹

Frystihúsið



Ljósmyndari: Rebekka Rán Björnsdóttir.



Ljósmyndari: Björn Björnsson.

Upphaflega var ekki gert ráð fyrir því að SÚN fengist við fiskvinnslu en mikill áhugi skapaðist fyrir því að hefja slíka starfssemi. Í byrjun árs 1935 ræddi stjórn SÚN um byggingu hraðfrystihúss í Neskaupstað. SÚN hvatti Íshúsafélag Norðfjarðar til að hefja framkvæmdir við byggingu á hraðfrystihúsi. Í framhaldi boðuðu hluthafar Íshúsfélags Norðfjarðar til fundar og á honum var samvinnufélag Íshúsfélag Norðfirðinga stofnað. Meginmarkmið þess félags var að koma upp hraðfrystihúsi og reka það.

SÚN leitaði aðstoðar dr. Jakobs Sigurðssonar og fékk ráðgjöf hans hvað varðaði skipulagningu fiskvinnslustöðvarinnar. Í framhaldinu var ákveðið að byggja hraðfrystihús og fiskvinnslustöð með fjórþættum rekstri. Í fyrsta lagi yrði hraðfrystistöð í húsinu, í öðru lagi var stefnt að því að setja upp fiskimjölsverksmiðju, en hún yrði í þeim húsum sem áður tilheyrðu fódurmjölsverksmiðju Norðfjarðar, þau hús áttu að verða áföst nýbyggingunni. Í þriðja lagi skyldi vera sett upp niðursuðuverksmiðja í byggingunni. Síðast en ekki síst var ákveðið að koma þar upp ísvinnslutækjum. Þau voru talin vera mjög mikilvæg fyrir væntanlega togaraútgerð, einnig var niðursuða talin vera framtíðaraðferð í fiskverkun ásamt hraðfrystingum. Lúðvík Jósepsson og Ármann Eiríksson framkvæmdastjóri fóru til Reykjavíkur sumarið 1945 til þess að undirbúa framkvæmdir við byggingu fiskvinnslustöðvarinnar og varð niðurstaðan að byggja fiskvinnslustöðina eftir skipulagsupprætti frá dr. Jakobi Sigurðssyni.

Í nóvember 1945 hafði stjórn SÚN fengið sendar allar nauðsynlegar teikningar af húsinu. Gísli Halldórsson verkfræðingur var fenginn til að teikna húsið og Sigurður Thoroddsen verkfræðingur var fenginn til að gera járnateikningar. Vorið 1946 var ákveðið að húsið skyldi vera á þrem hæðum og var þá gert ráð fyrir niðursuðuverksmiðjunni á efstu hæðinni.

Áður en framkvæmdir hófust var kosið í byggingarstjórn hússins. Óskar Lárusson, Sigurður Hinriksson og Ársæll Júlíusson voru kjörnir í stjórnina og þeirra hlutverk var að hafa umsjón með verkefninu. Óskar Lárusson var fljótega ráðinn sem umsjónarmaður eða framkvæmdarstjóri byggingarframkvæmdanna á meðan á verkinu stóð.

Byggingarframkvæmdir hófust vorið 1946 og stýrðu verkinu Jón S. Einarsson trésmíðameistari í Neskaupstað og Jakob Snorrason múrarmeistari frá Akureyri. SÚN hafði keypt nauðsynleg tæki sem notuð voru við byggingu hússins, meðal annars steypuhrærivél og grjótmulningsvél, sem notuð var til þess að mylja efni í steypuna. Þegar leið á árið keypti Jakob Snorrason steypuhristara fyrir SÚN, það tæki átti stóran þátt í því hversu vel tókst að steypa upp húsið.

Árið 1947 voru framkvæmdir í gangi og verið var að afla fjármagns. En vegna erfiðleika við útvegum framkvæmdafjár ákvað stjórn SÚN sumarið 1947 að fresta því að byggja þriðju hæðina, en leggja áherslu á aðstöðu til fiskfyrstingar. Undir stjórn Jóns S. Einarssonar var allt árið 1948 unnið að framkvæmdum innanhúss. Í októbermánuði árið 1947 var vélbúnaður til hraðfyrstingar kominn í hús og var Þórður Guðmundsson vélstjóri ráðinn til starfa.

Vinna hófst við beinamjölsværksmiðjuna sumarið 1949 í húsi sem hafði tilheyrt fóðurmjölsværksmiðju Norðfjarðar. Húsið var austan við fiskvinnslustöðina og áfast henni. Beinamjölsværksmiðjan tók til starfa í janúar árið 1950. Var það talið mikilvægt skref í áttina til fullkominnar hagnýtingar fiskhræfnis í Neskaupstað.

Ekki voru menn á eitt sáttir um það innan SÚN hvort festa ætti kaup á skelísvél eða halda sig við gömlu „steikaaðferðina“. Ákveðið var að kaupa danska skelísvél. Þegar tækin komu til Norðfjarðar í lok árs 1948 reyndust þau ónothæf. Erfiðlega gekk að lagfæra gölluð tækin en í apríl 1949 komst vélin í lag og framleiðsla á skelís hófst. Þriðju hæðinni var aldrei bætt við, en eftir mikla sprengingu í fiskvinnslustöðinni sumarið 1954 var ekki annað í stöðunni en að setja þak á húsið. Tekin var ákvörðun um að hafa þakið með háu risi til þess að hafa gott geymslupláss og var þannig reynt að bæta upp þriðju hæðina.¹⁰

Þórsmörk



Ljósmyndari: Rebekka Rán Björnsdóttir.

Ljósmyndari: Björn Björnsson.

Árið 1914 var smíðaviður í húsið Þórsmörk fluttur ósamansettur til Neskaupstaðar frá Noregi. Maður að nafni Konráð Hjálmarsson reisti húsið og gaf dóttur sinni Sigfríði og eiginmanni hennar, Páli Guttormssyni Þormar, í brúðkaupsgjöf. Margt fólk bjó í Þórsmörk. Sigfríður og Páll eignuðust sex börn og þau tóku að sér þrjú fósturbörn en auk fjölskyldunnar var oftast vinnumaður, ráðskona og ein eða tvær vinnukonur á heimilinu.

Árið 1918 var kveikt á fyrstu ljósaperunni í Neskaupstað. Páll hafði kynnt Norðfirðinga fyrir notkun rafmangs til lýsingar. Hann sá til þess að fyrsta rafstöð Neskaupstaðar yrði sett upp og tekin í notkun, þó lítil væri, í þeim tilgangi að framleiða rafmagn svo hægt væri að koma rafmagni í Þórsmörk. Tveimur árum síðar voru þrjár stærri rafstöðvar settar upp og teknar í notkun.

Sigfríður og Páll eignuðust fyrsta bílinn sem kom til Neskaupstaðar árið 1925, það var vörubíll af gerðinni Ford T. Það vakt mikla athygli bæjarbúa þegar fyrsti bílinn kom í Þórsmörk. Sigfríður tók bílpróf svo hún gæti ekið um á nýju drossíunni.

Páll fékk mikinn áhuga á útvarpi árið 1925 en fyrsta útvarpssendingin á Íslandi var gerð árið 1926. Árið 1928 bjó Páll sér til útvarpsviðtæki. Hann hafði nálgast dönsk blöð sem fjölluðu um útvarpstæknina og gerð útvarpsviðtækja. Með þessum blöðum fylgdu pöntunarlistar. Páll notfærði sér þá og pantaði allt sem hann þurfti til þess að smíða útvarpsviðtækið. Mikil spennan ríkti hjá bæjarbúum þegar útvarpsviðtækið var fullbúið og tilbúið til þess að prófa það. Norðfirðingar sýndu útvarpinu mikinn áhuga og margir lögðu leið sína í Þórsmörk til þess eins að kynnst útvarpstækninni.

Þann 20. desember árið 1930 hóf Ríkisútvarpið útsendingar. Í tilefni fyrstu útsendingarinnar bauð Páll Norðfirðingum í garðinn sinn við Þórsmörk þar sem hátölurum hefði verið komið fyrir svo allir gætu notið útsendingarinnar saman. Páll stjórnaði verslun tengdaföður síns, Konráðsverslun. Kreppan hafði mikil áhrif á fyrirtæki íslenskra kaupmanna en eftir erfiða tíma á kreppuárunum var ákveðið að hætta öllum rekstri fyrirtækisins árið 1937. Páll og Sigfríður ákváðu þá að flytja til Reykjavíkur. Þau seldu Þórsmörk þó ekki strax, en þann 8. desember árið 1941 var húsið selt Ölver Guðmundssyni útgerðarmanni. Þórsmörk var í eigu fjölskyldu Ölvers þar til Listasmiðja Norðfjarðar keypti húsið árið 1993.¹¹

Konráð Hjálmarsson

Konráð Hjálmarsson fæddist þann 9. maí 1858 á Reykjum í Mjóafirði. Þegar hann var fjórtán ára flutti hann til Eskifjarðar og gerðist verslunarlærlingur hjá Carli D. Tulinius í fjögur ár. Átján ára gamall hóf hann eins og hálfis árs nám í verslunarskóla í Kaupmannahöfn. Þegar heim var komið hóf hann störf í Liverpool sem var verslun Jakobsen kaupmanns á Seyðisfirði. Hann starfaði hjá Jakobsen kaupmanni í rúm fjögur ár eða þar til Jakobsen var kominn á aldur. Konráð flutti þá til Mjóafjarðar og hóf árabátaútgerð. Einnig stofnsetti hann verslun í Mjóafirði sem hann rak samhliða útgerðinni. Árið 1895 var fyrsta íshúsið á Íslandi reist þökk sé Konráði, auk þess var hann fyrstur landsmanna til þess að kaupa gufubát árið 1898 sem hann notaði til þess að stunda útgerð.

Árið 1906 varð Konráð sér úti um borgarabréf á Norðfirði þannig að hann gat stofnað fyrirtæki þar í eigin nafni. Fyrirtæki Konráðs hlaut nafnið Konráðsverslun og varð fljótlega öflugasta verslunar- og útgerðarfyrirtækið á öllu landinu. Konráð átti millilandaskip sem notað var til þess að flytja fisk til útlanda og í bakaleiðinni kom skipið með salt til Norðfjarðar. Konráð dvaldi mikið í Kaupmannahöfn yfir vetrartímam þar sem hann keypti vörur fyrir Konráðsverslun.¹²

Páll Guttormsson Þormar

Páll Guttormsson Þormar fæddist þann 27. maí 1884 á Eiðum. Páll lauk gagnfræðiprófi frá Gagnfræðiskólanum á Akureyri árið 1906. Ári síðar hóf Páll störf sem gjaldkeri Íslandsbanka á Seyðisfirði og árið 1910 varð hann gjaldkeri bæjarsjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar. Páll gerðist meðeigandi fyrirtækis tengdaföður síns en einnig sinnti hann ýmsum opinberum störfum. Hann var meðal annars hreppsnefndarmaður í Neshreppi á árunum 1919-1928 og oddviti á árunum 1920-1925. Hann átti sæti í bæjarstjórn Neskaupstaðar í sex ár eða frá árunum 1929-1935, hann var hreppstjóri í sveitarfélaginu á árunum 1925-1929. Einnig var hann breskur vísikonsúll í Neskaupstað frá árinu 1931. Páll Guttormsson Þormar lést þann 1. maí árið 1948.¹³

Tilvísanir

1. Ögmundur Helgason, 2006.
2. Smári Geirsson, 2009.
3. Stefán Bogi Sveinsson, 2015.
4. Smári Geirsson, 2009.
5. Smári Geirsson, 2009.
6. Smári Geirsson, 2009.
7. Smára Geirsson, 2009.
8. Smári Geirsson, 2009.
9. Smári Geirsson, 2009.
10. Smári Geirsson, 1983.
11. Smári Geirsson, 2007.
12. Smári Geirsson, 2007.
13. Smári Geirsson, 2007.

Heimildaskrá

Smári Geirsson. (1983). *Norðfjörður: Saga útgerðar og fiskvinnslu*. Reykjavík: Prentsmiðjan Hólar hf.

Smári Geirsson. (2007). *Nokkur orð um Þórsmörk og fólkið sem þar bjó í upphafi*. Neskaupstaður: Óútgefið.

Smári Geirsson. (2009). *Norðfjarðarsaga II: Fyrri hluti, frá 1895 til 1929*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.

Smári Geirsson. (2009). *Norðfjarðarsaga II: Síðari hluti, frá 1895 til 1929*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.

Stefán Bogi Sveinsson. (27. ágúst 2015). Elsta hús Neskaupstaðar flutt á nýjan stað. *Austurfrétt*. Sótt af <http://www.austurfrett.is/frettir/3856-elsta-hus-neskaupstadhar-flutt-a-nyjan-stadh>

Ögmundur Helgason. (2006). *Norðfjarðarsaga I: Frá upphafi byggðar til 1895*. Reykjavík: Bókaútgáfan Hólar.

Myndaskrá

Númer vísað til blaðsíðna

- 6. Gamla Lúðvíkshúsið. Myndina tók Rebekka Rán Björnsdóttir. Eigandi myndar: Rebekka Rán Björnsdóttir.
- 6. Gamla Lúðvíkshúsið. Myndina tók Björn Ingvarsson. Eigandi myndar: Skjala- og myndasafn Norðfjarðar.
- 10. Prófastshúsið. Myndina tók Rebekka Rán Björnsdóttir. Eigandi myndar: Rebekka Rán Björnsdóttir
- 10. Prófastshúsið. Myndina tók Björn Björnsson. Eigandi myndar: Skjala- og myndasafn Norðfjarðar.
- 14. Bjarnaborg. Myndina tók Rebekka Rán Björnsdóttir. Eigandi myndar: Rebekka Rán Björnsdóttir.
- 14. Bjarnaborg. Myndina tók Sveinn Guðnason. Eigandi myndar: Skjala- og myndasafn Norðfjarðar.
- 18. Barnaskólahúsið. Myndina tók Rebekka Rán Björnsdóttir. Eigandi myndar: Rebekka Rán Björnsdóttir.
- 18. Barnaskólahúsið. Myndina tók Sveinn Guðnason. Eigandi myndar: Skjala- og myndasafn Norðfjarðar.
- 22. Frystihúsið. Myndina tók Rebekka Rán Björnsdóttir. Eigandi myndar: Rebekka Rán Björnsdóttir.
- 22. Frystihúsið. Myndina tók Björn Björnsson. Eigandi myndar: Rebekka Rán Björnsdóttir.
- 26. Þórsmörk. Myndina tók Rebekka Rán Björnsdóttir. Eigandi myndar: Rebekka Rán Björnsdóttir.
- 26. Þórsmörk. Myndina tók Björn Björnsson. Eigandi myndar: Skjala- og myndasafn Norðfjarðar.

